

Selkórinn 1993 - 1994

Sópran:

Fríða Kristinsdóttir
Guðrún E. Gunnarsdóttir
Hafðís Hafsteinsdóttir
Hekla Pálsdóttir
Hrafnhildur Óttarsdóttir
Inga Erlingsdóttir
Inger Steinsson
Kristjana Stefánsdóttir
Laufey Þórðardóttir
Nanna Guðmundsdóttir
Pála H Jónsdóttir
Rannveig Ívarsdóttir
Soffía Ásgeirs Óskarsdóttir
Vilborg Hafsteinsdóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir

Alt:

Anna Haraldsdóttir
Anna Stefánsdóttir
Birna E. Óskarsdóttir
Guðrún Hafsteinsdóttir
Guðrún Sigþórsdóttir
Helga Hafsteinsdóttir
Jóhanna Runólfsdóttir
Jóna Borg Jónsdóttir
Margrét R. Jónsdóttir
María Guðmundsdóttir
Maríanna Haraldsdóttir
Sigríður Einarisdóttir
Þóra Björg Álfþórsdóttir
Æsa Strand Viðarsdóttir

Tenór:

Agnar Hannesson Johnson
Björgvin Þórðarson
Haraldur Práinsson
Jóhann Thoroddsen
Kári Einarsson
Páll Þorgeirsson
Sigurður J Grétarsson
Skúli Þór Magnússon

Bassi:

Guðmundur Sigurðsson
Hafþór Guðjónsson
Jóhannes Þór Skúlason
Ludvig Guðmundsson
Reynir Jóhannesson
Sigurður Geirsson
Stefán Hermannsson
Svavar Björnsson

Orgelleikari:

Fríðrik Vignir Stefánsson

Bassaleikari:

Páll Hannesson

*Gildir sem
aðgöngumiði*



Adventutónleikar

i

Seltjarnarneskirkju

12. desember 1993

kl. 17.00

*Stjórnandi
Jon Karl Einarsson*

Efnisskrá:

Kom þú vor Immanúel

Formt andstef. Radds. Róbert A. Ottósson, Sigurbjörn Einarsson umorti.

Heyr himnasmiður

Porkell Sigurbjörnsson. Kolbeinn Tumason.

Það aldin út er sprungið

Lag frá 15. öld, radds. M. Praetorius. Matthías Jochumsson umorti.

Bjart er yfir Betlehem

Úr Piae Contiones. Ingólfur Jónsson

Jesú þú ert vort jólaljós

C.E.F. Weyse. Valdimar Briem

Ding dong! Merrily on high

Franskt lag frá 1588, úts. C.W.

Let it snow! Let it snow!

Jule Styne. Sammy Cahn.

Silver bells

Ray Evans. Jay Livingstone

Joy to the world

Lag og texti: Hoyt Axton

Jesu meine Freude

Johann Sebastin Bach. Johann Franck

Jesu, meine Freude

Skömmu eftir að Jóhann Sebastian Bach fluttist til Leipzig, virðist sem honum hafi verið falið að semja mótettu til minningar um Jóhönnu Maríu Kase, eiginkonu póstmestarans í borginni. Mótettan var fyrst flutt á minningarathöfn í Nikulásarkirkju, 18. júlí, 1723. Aðstæðurnar einar sér hafa varla snortið tónskáldið djúpt, en þær löðuðu þó fram tónverk sem er einna persónulegast af öllum verkum Bachs og er líka einkar hagleg smíð að uppbyggingu.

Jesu, meine Freude er lengsta mótetta Bachs og þeirra stílhreinust. Hún er skrifuð fyrir fimm radda kór með bassafylgirödd (basso continuo). Mótettan er svipmikið verk fyrir margra hluta sakir. Þar má einkum nefna tvennt: Í fyrsta lagi er óvenjuleg röddun, víðast kristaltær en þó mjög flókin á köflum. Sérstakur svipur raddfærslunnar helgast af því hvernig Bach gefur margslungnum kontrapúntki aðalkaflanna (2., 6. og 10.) hljómrænan grunn, og af því hve framrás laglínu einstakra radda er hrein og bein í verkinu öllu, jafnvel í einföldustu kórlögnum.

Í öðru lagi er formleg uppbygging verksins sérstök. Kaflarnir tengjast nánar en í öðrum verkum sem Bach vann um svipað leyti, og úr verður hárnákvæmt heildarsamræmi í niðurröðun og gerð sem tengist boðskap verksins. Þannig tengist tónlist og guðfræði órjúfanlegum böndum í verkinu. Textinn er til skiptis erindi úr sálmi eftir Johann Franck og valin ritningarorð úr Rómverjabréfi Páls postula. Sálmur Francks er saminn árið 1653, skömmu eftir að hörmungum 30 ára stríðsins linnu. Sá illvígi ófriður er í bakgrunni sálmsins sem dæmi um tryllta veröld þar sem fjandinn er laus. En Franck hafnar trausti á þessa veröld, og heitir því að vinna sín verk ótrauður og glaður undir verndarhendi Krists. Texti Páls, sem Bach fléttar inn í verkið, er lýsing á því hvernig þeir sem trú á Krist eru í trú sinni hafnir yfir dauða holdsins og verða í eðli sínu andlegir.

Einfalt dæmi um formfestu verksins má sjá af því hvernig fyrsti kaflinn samsvarar hinum síðasta, hvorir tveggju eru fjögurra radda kóralar; næstfyrsti kaflinn samsvarar svo hinum næst-síðasta, báðir eru fimm radda mótettur. Hápunktur og rúmfræðileg miðja verksins eru í sjötta kafla þess, fimm radda fúgu, þar sem boðskap verksins er þjappað saman í orðum Páls: „En þér eruð ekki holdsins menn, heldur andans menn“. Þar er lína hverrar raddar sjálfstæð, en saman mynda þær kraftmikinn samhljóð. Segja má að þar sé kominn eins konar eftirmynd í tónum af heildarboðskapnum: Af

